

Borgarstjórn
18. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að afsláttur á leikskólagjöldum eigi einnig við um gjöld á frístundaheimilum

Lagt er til að sá afsláttur sem námsmenn, einstæðir foreldrar og öryrkjar geta fengið af leikskólagjöldum barna sinna, nái einnig til gjalds vegna dvalar barna á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Á vefsvæði Reykjavíkurborgar kemur fram að afsláttur sé veittur af leikskólagjaldi vegna ýmissa ástæðna. Einstæðir foreldrar, námsmenn og öryrkjar eiga til að mynda rétt á afslætti. Ofangreindur afsláttur er hinsvegar ekki til staðar inni á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar sem gerir mörgum foreldrum í erfiðri efnahagslegri stöðu enn erfiðara fyrir. Þó að frístundakortið standi öllum foreldrum barna, sex ára og eldri, í Reykjavík til boða og hægt sé að nota það til greiðslu fyrir dvöl barna á frístundaheimilum, þá er nauðsynlegt að nota það til annars, fyrir fjölbreytilegra starf sem börn kunna að hafa áhuga á. Líkt og fram kemur á vef Reykjavíkurborgar er markmið og tilgangur frístundakortsins sá að öll börn geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Þá kemur einnig fram að frístundakortinu sé ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi.

Foreldrar ættu ekki að þurfa að ganga á upphæð frístundakortsins til að mæta gjöldum frístundaheimila. Þess skal getið að frístundakortið veitir styrk upp á 50.000 krónur fyrir barn á ári en mánaðarverð fyrir fimm daga viðveru á frístundaheimili, með síðdegishressingu er 17.285 krónur á mánuði. Það skapast því aðstöðumunur á milli foreldra ef ætlast er til þess að foreldrar illa staddir efnahagslega nýti frístundakortið vegna gjalda frístundaheimilis, á meðan foreldrar sem eru betur settir efnahagslega geta boðið börnum sínum upp á kostnaðarsamara en fjölbreyttara frístundastarf. Sem dæmi má nefna að Tónskóli Hörpunnar býður upp á hljóðfæranám í samkenntu, þar sem haustönnin kostar 87.750 krónur og kennt er einu sinni í viku. Æfingagjöld fyrir veturinn 2018-2019 (lok ágúst til lok maí) hjá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur kostar til að mynda 61.525 krónur fyrir níu ára gamalt barn og kennt er þrisvar í viku. Því er nauðsynlegt að afláttur sem stendur foreldrum í viðkvæmri efnahagslegri stöðu til boða vegna dvalar barna á leikskólum, eigi einnig við inni á frístundaheimilum, svo að líkur aukist á því að frístundakortið nýtist frekar í að bjóða börnum upp á að leggja stund á þá frístundastarfsemi sem vekur áhuga þeirra.